

Breyting á Aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018


Greinargerð og umhverfisskýrsla 24. febrúar 2012



Vesturbyggð



LANDMÓTUN.







1 Samantekt

Í umhverfismati með breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar voru metin umhverfisáhrif breytingarinnar vegna byggingar varnargarðs í Klifi. Ekki voru settir fram aðrir valkostir en áhrifin borin saman við núllkost sem er óbreytt stefna sveitarfélagsins varðandi náttúruvá skv. gildandi aðalskipulagi.

Fram kemur í skýrslunni að horft var sérstaklega til eftirtalinna þátta hvað varðar umhverfisáhrif: Jarðmyndana, gróðurfars, fuglalífs, fornleifa, sjónræn áhrif, samfélag og landnotkun.

Í töflu hér á eftir er samantekt á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á einstaka umhverfisþætti að teknu tilliti til viðmiða og einkenna áhrifa. Í töflunni kemur fram að aðalskipulagsbreytingin mun hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir, gróður, fugla. Jákvæð áhrif breytingarinnar eru á samfélag vegna útivistaraðstöðu sem skapast en neikvæð áhrif vegna breyttrar ásýndar. Þar sem ekki er um veruleg umhverfisáhrif að ræða er ekki gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisþátta umfram venjubundið eftirlit á framkvæmda- og rekstrartíma.

Aðalskipulagsbreytingin kallar á gerð deiliskipulags og er unnið að því samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

2 Inngangur

Sveitarfélagið Vesturbyggð gerir breytingu á aðalskipulagi Vesturbyggðar 2006-2018 sem nær til þéttbýlisuppráttar fyrir Patreksfjörð. Fyrir liggur tillaga að snjóflóðavörnum fyrir byggð undir Klifi. Gert er ráð fyrir að reisa 250 m langan þvergarð/varnargarð ofan byggðarinnar milli Vatnseyrar og Geirseyrar. Þvergarðurinn verður 10-12 m hár og er heildarrúmmál hans um 42.000 m³. Samkvæmt aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem óbyggt svæði og svæði fyrir þjónustustofnun.

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, eru taldar upp þær framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt viðauka 2 við lögin falla snjóflóðavarnir og efnistaka vegna þeirra undir framkvæmdir er kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og metið er í hverju tilviki með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Vísað er til greina 2.a. um námuiðnað og efnistöku og 11.k. um snjófljóðavarnargarða til varnar þéttbýli í öðrum viðauka laganna.

Unnin hefur verið tilkynning til Skipulagsstofnunar sem mun úrskurða hvort fyrirhuguð framkvæmd við snjóflóðavarnargarð sem tillagan tekur til sé umhverfismatsskyld eður ei.

Markmið breytingarinnar er að á svæðinu við Klif á Patreksfirði, milli Vatnseyrar og Geirseyrar, stafar byggðinni hætta af snjóflóðum. Vesturbyggð hyggst ráðast í uppbyggingu snjóflóðavarna til að tryggja íbúum Patreksfjarðar betra öryggi og lífsafkomu á þessum stað.

Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið að gerð deiliskipulags af varnarmannvirkjum þar sem gerð verður grein fyrir stígakerfi, áningarstöðum, trjárækt, varnarmannvirkjum og helstu kennistærðum þeirra.



Greinargerð og umhverfisskýrslan er unnin af Landmótun sf. í samráði við skipulags- og byggingarnefnd Vesturbyggðar.

3 Breyting á aðalskipulagi

Aðalskipulag Vesturbyggðar var staðfest 15. september 2006 en samkvæmt því er svæðið þar sem ráðgert er að reisa varnargarðinn skilgreint sem óbyggt svæði og svæði fyrir þjónustustofnun en verður nú að verða skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Gerðar verða breytingar á kafla 3.9 í greinargerð um opin svæði til sérstakra nota þar sem greint verður frá svæðinu. Gerð verður einnig breyting á kafla 3.3. um þjónustustofnanir þar sem minnka þarf svæðin vegna afmörkunar opins svæðis til sérstakra nota.

3.1 Breyting á kafla 3.3. Svæði fyrir þjónustustofnanir.

Gerð er breyting á kafla 3.3 þar sem lóðir þjónustustofnana á reit S9, S11 og S12 minnka sbr. töflur hér að neðan.

Gildandi aðalskipulag

S9	Skólareitur	Starfsemi Grunnskóla Patreksfjarðar er á um 1,9 ha lóð við Aðalstræti sem og íþróttahús og sundlaug.
S10	Kirkja	Kirkjan er staðsett á um 0,12 ha lóð. Friðlýst.
S11	Kyndistöð	Orkubú Vestfjarða. Stærð lóðar 0,08 ha.
S12	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	Á lóðinni er Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði. Stærð lóðar er um 1,9 ha.

Tillaga að breytingu

S9	Skólareitur	Starfsemi Grunnskóla Patreksfjarðar er á um 0,98 ha lóð við Aðalstræti sem og íþróttahús og sundlaug.
S10	Kirkja	Kirkjan er staðsett á um 0,12 ha lóð. Friðlýst.
S11	Kyndistöð	Orkubú Vestfjarða. Stærð lóðar 0,7 ha.
S12	Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði	Á lóðinni er Heilbrigðisstofnunin á Patreksfirði. Stærð lóðar er um 0,69 ha.

3.2 Breyting á kafla 3.9 Opin svæði til sérstakra nota.

Gerð er breyting á kafla 3.9 um opin svæði til sérstakra nota þar sem bætt er við opnu svæði til sérstakra nota og fær það númeri U15, sem er afmarkað umhverfis snjóflóðavarnargarðinn, enda mun svæðið nýtast til útivistar að framkvæmdum loknum.

Tillaga að breytingu



Ú13	Kirkjugarðsreitur	Stærð svæðis 0,8 ha.
Ú14	Leiksvæði	Stærð 2,5 ha.
Ú15	Snjóflóðavarnargarður	Stærð 3 ha

4 Tengsl við aðrar áætlanir

Aðalskipulag Vesturbyggðar var staðfest 15. september 2006. Samkvæmt skipulaginu, er svæðið sem breytingin nær til skilgreint sem óbyggt svæði, svæði fyrir þjónustustofnanir og svæði undir náttúruvá. Breytingin hefur áhrif á stærð eða afmarkanir aðliggjandi svæða fyrir þjónustustofnanir S9-S12.

Samhliða breytingu á aðalskipulagi er unnið að gerð deiliskipulags af varnarmannvirkjum þar sem gerð verður grein fyrir stígakerfi, áningarstöðum, trjárækt, varnarmannvirkjum og helstu kennistærðum þeirra.

5 Staðhættir

Að ofan byggðarinnar rís fjallið Brellur upp í 400-500 m hæð y.s. Svæðið milli Vatneyrar og Geirseyrar nefnist Klif en byggðin við Klif stendur mjög nálægt fjallinu og er blönduð íbúðahúsum og þjónustubyggingum sem eru sundlaug, íþróttahús, kirkja, grunnskóli, heilbrigðisstofnun og kyndistöð. Svæðið ofan byggðarinnar þar sem varnargarðurinn mun rísa er fremur bratt og grýtt og skiptist í snarbratta kletta og brattar gróðurlausar skriður.

Samkvæmt skilgreiningu Náttúrufræðisstofnunar Íslands er svæðið við Klif á Patreksfirði og fyrirhugað framkvæmdasvæði mólendi, graslendi og ræktað land. Einnig er lúpína á svæðinu ofan byggðarinnar. Ekki er talið að sjaldgæfar tegundir plantna eða tegundir á valista sé að finna á þessu svæði.

Skógræktarreitir ofan heilbrigðisstofnunar er að hluta til innan framkvæmdasvæðis.

Hættumat vegna ofanflóða við Patreksfjörð var samþykkt haustið 2003. Í matinu eru hættusvæði vegna snjóflóða talin ná til mikils hluta byggðarinnar. Fjallið ofan við Klif er mjög bratt og skriðurunnið og svæði með upptakahalla fyrir snjóflóð víðáttumikil. Byggð á þessu svæði stendur mjög nálægt fjallinu og snjór sem skriður af stað getur náð langt inn í hana. Flest hús við Klif standa innan hættusvæða en austasti hluti byggðar er innan hættusvæðis C, sem flokkast sem hættusvæði þar sem staðaráhætta er meir en 3 af 10.000 á ári. Grunnskóli, heilbrigðisstofnun og kyndistöð eru samkvæmt hættumati innan hættusvæðis C og íþróttahús/sundlaug, skóli og kirkja innan hættusvæðis B. Grjóthruns- og aurflóðahætta er ekki talin alvarleg þó hún sé til staðar.

Unnið er að skráningu fornminja fyrir svæðið sem mun koma fram í endanlegri greinargerð með breytingunni og í deiliskipulagi fyrir svæðið.



6 Umhverfismat

Mat á umhverfisáhrifum byggist á þremur meginþáttum, sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining sérfræðinga á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti innan áhrifasvæðisins.
- Umsagnir og athugasemdir lögboðinna umsagnaraðila, hagsmunaaðila og almennings.

Við mat á umhverfisáhrifum er unnið eftir lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Einnig er stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við mat á vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti er stuðst við tiltekin viðmið, s.s. stefnumörkun stjórnvalda, alþjóðsamninga, lög og reglugerðir.

6.1 Þættir áætlunar sem valdið geta áhrifum

Helstu þættir breytingartillögunnar, sem taldir eru geta valdið umhverfisáhrifum, eru efnisnám og mannvirkjagerð. Gert er ráð fyrir að reisa 250 m langan þvergarð/varnargarð ofan byggðarinnar milli Vatnseyrar og Geirseyrar. Þvergarðurinn verður 10-12 m hár og er heildarrúmmál hans um 42.000 m³. Gert er ráð fyrir að efni í garðinn verði að mestu nýtt við uppgröft á staðnum en efni sem notað verður í kjarna garðsins eða um 16.000 m³ verður sótt í nálægar námum.

6.2 Umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum

Umhverfisáhrif, sem fyrirbyggjandi áætlun um breytingar á aðalskipulagi er helst talin geta haft í för með sér, eru eftirtalin, og er fjallað nánar um hvern áhrifaþátt fyrir sig aftar í skýrslunni :

Út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu voru umhverfisþættir valdir og eru áhrifin mismikil á umhverfisþætti.

Í umhverfisskýrslunni verður fjallað um eftirfarandi umhverfisþætti:

- Jarðmyndanir
- Gróður
- Fuglar
- Fornleifar
- Sjónræn áhrif
- Samfélag/landnotkun



6.3 Skilgreining á vægi áhrifa

Við matið er notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan.

Vægi áhrifa	Tákn	Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfispátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfispátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfispátt
Áhrif óljós	?	Óljós áhrif á umhverfispátt

6.4 Skilgreining, lýsing og mat á umhverfisáhrifum

6.4.1 Jarðmyndanir

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum á jarðmyndanir eru:

- 37 gr. laga um náttúruvernd.
- Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020. Markmið er að fjölbreytni jarðmyndana verði varðveitt með því að vernda þær sem eru sérstakar eða einstakar á landsvísu.

Jarðgrunnur á upptakasvæði snjóflóða ofan Klifs skiptist í snarbratta kletta og brattar gróðurlausar skriður. Grunnar hvíltir eru í klettabeltinu og eru skriður afar óstöðugar í hlíðum ofan Klifs. Jarðmyndanir á svæðinu munu verða fyrir áhrifum innan framkvæmdasvæðisins þar sem nýtt verður það efni sem kemur úr uppgreftri á svæðinu í garðinn og annað efni fenguð úr opnum námum í nágrenninu, t.a.m. Mikladal sem er í 2 km fjarlægð. Ekki er um neinar jarðmyndanir að ræða sem njóta verndar og eru áhrif breytingarinnar á jarðmyndanir talin vera óveruleg.

6.4.2 Gróður

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum á gróður eru:

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands fyrir plöntur
- Listi yfir friðlýstar plöntur
- 37 gr. laga um náttúruvernd
- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, áherslur 2010-2013, sjá kafla 12 um sjálfbæra gróðurnýtingu og endurheimt landgæða.

Samkvæmt gróðurkortu aðalskipulags Vesturbyggðar er svæðið við Klif á Patreksfirði og fyrirhugað framkvæmdasvæði skilgreint sem mólendi, graslendi og ræktað land (heimild NÍ). Einnig er lúpína á svæðinu ofan byggðarinnar. Ekki er talið að sjaldgæfar tegundir plantna eða tegundir á válista sé að finna á þessu svæði.



Skógræktarreitir ofan heilbrigðisstofnunar er að hluta til innan framkvæmdasvæðis. Helstu trjátegundir eru sitkagreni sem er ríkjandi tegund en auk þess má finna þar nokkuð af birki og reynivið. Við kyndistöð eru einkum birki, ösp og víðir.

Staðbundin neikvæð áhrif verða á núverandi gróður á svæðinu en að framkvæmdum loknum verður svæðið grætt upp að nýju en uppgræðsla á svæðinu öllu er um 2,5 ha, þar af eru varnargarðar tæpur ha að flatarmáli. Gera skal ráð fyrir því að yfirborðsefni af svæðinu verði geymt sérstaklega og nýtt síðan í efsta lagið á varnargarðinum. Varast skal að blanda það öðrum jarðefnum eða fergja það á nokkurn hátt.

Á öllu svæðinu skal gera ráð fyrir grassáningu og áburðargjöf. Þetta skal gera eins fljótt og hægt er að framkvæmdum loknum til að hindra jarðvegsrof og moldrok. Leggja skal áherslu á að flýta uppgræðslu þvergarðs eins og kostur er, sérstaklega á svæði A og B eða því svæði sem liggur næst byggðinni. Ljóst er að uppgræðsla að þessu tagi mun taka nokkur ár og því er mikilvægt að hefja framkvæmdir um leið og hægt er. Nauðsynlegt getur verið að endurtaka sáningu og áburðargjöf að ári liðnu.

6.4.3 Fuglar

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum á fugla eru:

- Válisti Náttúrufræðistofnunar Íslands um fugla og spendýr.
- 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Unnið er að athugun fuglalífs á svæðinu í tengslum við fyrirspurn framkvæmdarinnar vegna matskyldu. Aðalskipulagsbreytingin mun hafa staðbundin neikvæð áhrif á fuglalíf en við framkvæmdina sem breytingin fjallar um verður þess gætt að raska hvorki sérstæðum gróðri né jarðmyndunum eða vistkerfum sem njóta skulu sérstakra verndar skv. 37.gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Á þessu stigi eru áhrif á fuglalíf talin vera óljós.

6.4.4 Fornleifar

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum á fornleifar eru:

- Skráðar friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum nr. 107/2001.
- Aðrar fornleifar (minjar 100 ára og eldri, s.s. byggðarleifar, haugar, greftrunarstaðir o.s.frv.) skv. 9 gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Í júlí 2011 var gerð fornleifaskráning á svæðinu Innan deiliskipulagsmarka voru skráðar 18 minjar. Tvær minjar eru í beinni hættu vegna framkvæmdarinnar og fara undir garðinn. Aðrar minjar eru við stíg sem liggja mun að garðinum. Lokaútfærsla stígs og hönnun mun verða gerð í fullu samráði við Fornleifavernd ríkisins og þess gætt að minjum verði raskað sem allra minnst.

6.4.5 Sjónræn áhrif

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á sjónrænum áhrifum eru:

- Sérstaða/fágæti landslags út frá vísbendingum í 37. gr. laga um náttúruvernd. Verndargildi skv. náttúruminjaskrá.



- Megineinkenni landslags, s.s. ósnortið/náttúrulegt yfirbragð landslags, form, litauði, fjölbreytni og heildstæði landslags.

Aðalskipulagsbreytingin mun hafa í för með sér veruleg sjónræn áhrif. Nokkuð skörp skil verða í landi ofan grunnskóla og heilbrigðisstofnunar vegna varnargarðsins, en lítið svigrúm er til að draga úr halla á svæðinu ofan byggðar þar sem byggðin stendur svo nálægt fjallinu. Sjónræn áhrif ofan byggðar við Patreksfjörð verða nokkur og varanleg með tilkomu varnavirkja en með landmótun og skipulagi svæðis milli byggðar og varnargarðs sem mótvægisáðgerð verður dregið eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum mannvirkja á umhverfi. **Sjónræn áhrif framkvæmda eru talin verulega neikvæð og varanleg á einkenni núverandi landslags sem breytist og á náttúrulegt yfirbragð með tilkomu varnargarðs.**

6.4.6 Samfélag og landnotkun

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á áhrifum á samfélag og landnotkun eru:

- Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2010-2013. Sjá kafla 5 og 6 um útvist í sátt við náttúruna og varnir gegn náttúruvá.
- Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 m.s.br.
- Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.

Aðalskipulagsbreytingin sem fjallar um byggingu snjóflóðavarna neðan Klifs við Patreksfjörð er til þess gerð að bæta öryggi íbúa Patreksfjarðar. Helstu svæði fyrir þjónustustofnanir eru staðsettar neðan upptakasvæðis við Klif og gera má ráð fyrir að stór hluti bæjarbúa nýti sér þjónustu bæjarins á þessum stað daglangt/stóran hluta úr degi. Um er að ræða grunnskóli, íþróttahús, sundlaug og kirkja

Annarri byggð á Patreksfirði stafar einnig hættu af snjóflóðum frá öðrum upptakasvæðum og líkur eru á að í rýmingaráætlunum sé gert ráð fyrir að nýta þjónustuhús eins og grunnskóla til þess að safna saman fólki. Þjónustubyggingarnar eru því ekki síður mikilvægar fyrir byggðina.

Með landmótun og skipulagi á svæðinu þar sem breytingin nær til er verið að búa til svæði sem hægt verður að nýta til útvistar og útikennslu.

Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á samfélag og landnotkun eru álitin vera jákvæð og varanleg.

6.5 Umfjöllun um kosti

Tveir kostir komu til greina við vinnslu breytingarinnar. Annars vegar bygging varnargarðs og hins vegar núllkostur. Í samanburði þessara kosta kemur í ljós að núllkostur, þ.e. að ráðast ekki í byggingu varnargarðs er ekki í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um öryggi íbúa og því kemur sá kostur ekki til greina. Bygging varnargarðs mun hafa staðbundin áhrif á gróðurfar og dýralíf en á mjög afmörkuðu svæði. Ekki var horft til þess að flytja stofnanir annað þar sem það þykir ekki fjárhagslega fýsilegur kostur.

6.6 Niðurstaða mats

Fram kemur í skýrslunni að horft var sérstaklega til eftirtalinna þátta hvað varðar umhverfis-áhrif: Jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf, fornleifar, sjónræn áhrif, samfélag og landnotkun.



Í töflu hér á eftir er samantekt á áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á einstaka umhverfisþætti að teknu tilliti til viðmiða og einkenna áhrifa. Í töflunni kemur fram að aðalskipulagsbreytingin mun hafa óveruleg áhrif á jarðmyndanir, gróður, fugla. Jákvæð áhrif breytingarinnar eru á samfélag vegna útivistaraðstöðu sem skapast en neikvæð áhrif vegna breyttrar ásýndar og möguleg neikvæð áhrif á fornminjar sem eru á svæðinu ef þörf reynist að raska þeim. Þar sem ekki er um veruleg umhverfisáhrif að ræða er ekki gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisþátta umfram venjubundið eftirlit á framkvæmda- og rekstrartíma.

Yfirborðsvatn sem safnast fyrir á garðsvæðinu verður leitt til austurs, að stærstum hluta meðfram garðinum og í ræsi undir fláafót hans austast.

Umhverfisþáttur	Vægi áhrifa
Jarðmyndanir	0
Gróður	0
Fuglar	0
Fornleifar	0/-
Sjónræn áhrif	-
Samfélag og landnotkun	+

7 Kynning og samráð

Samráð var haft við Skipulagsstofnun og aðrar stofnanir sem hafa sérþekkingu á viðfangsefnum skipulagsins vegna lýsingar á skipulagsverkefni og um umfang og áherslur umhverfismats aðalskipulagsbreytingar, eins og lög um umhverfismat áætlana gera ráð fyrir. Skipulagslýsing varauglýst á Netinu og var gerð aðgengileg íbúum Vesturbyggðar. Samráð var haft við eftirfarandi umsagnaraðila á eða fyrir auglýsingartíma aðalskipulagsbreytingarinnar.

Samráð var haft við Helbrigðiseftirlit Vestfjarða en afla þarf einnig leyfis Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða til tímabundins atvinnurekstrar, t.d. fyrir vinnubúðum og verkstæðisaðstöðu, sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samráð var haft við Umhverfisstofnun vegna sem lögbundinn umsagnaraðili vegna matslýsingar og umhverfisskýrslu.

Samráð var haft við Veðurstofu Íslands en aðalskipulagsbreyting var send til umsagnar.

Samráð var haft við Fornleifaverndar ríkisins og gerð var fornleifarannsókn á svæðinu sumarið 2011. Ef nauðsynlegt reynist að raska fornminjum verður það gert í samráði við Fornleifavernd ríkisins, sbr. 14. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001.



8 Afgreiðsla eftir auglýsingu

Samkvæmt niðurstöðum umhverfismatsins eru áhrif breytingarinnar óveruleg áhrif á flesta umhverfisþætti sem metnir voru. Helstu neikvæðu áhrif breytingarinnar eru sjónræn og mögulega á fornleifar þar sem hluti af skráðum minjum er innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Með mótvægisáðgerðum og hönnun á stíg þá má draga verulega úr neikvæðum áhrifum á fornleifar og mun útfærsla stígs miðast við að raska minjum sem minnst. Skipulagsbreytingin var talin hafa jákvæð áhrif á samfélag með því að stuðla að uppbyggingu atvinnulífs og auka öryggi íbúa á svæðinu.

Umsagnir bárust án athugasemda frá Umhverfisstofnun dags. , Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, dags. og Veðurstofnunni, dags. 22. september 2011. Í umsögn frá Fornleifavernd ríkisins, dags. var bent á að taka þarf tillit til fornleifa í sem skráðar hafa verið og verða fyrir áhrifum af tillögunni. Tekið verður tillit til umsagna Fornleifaverndarinnar og að við hönnun og útfærslu stígs verður þess gætt raska fornleifum sem minnst.

Engar athugasemdir bárust frá almenningi á auglýsingartíma.

Áhrifin af skipulagsbreytingunni eru staðbundin og samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda og þeim alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Lagt er til að fylgst verði með framvindu gróðurs meðan nýgróður er að festa rætur og svæðið að laga sig að grenndargróðri. Einnig verður fylgst með hvort hætta er á jarðvegsrofi á framkvæmdarsvæðinu. Skal sú vöktun fara fram af Náttúrustofu Vestfjarða í samráði við sveitarfélagið og Umhverfisstofnun.

9 Heimildarskrá

1. Aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018.
2. Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.
3. Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.
4. Lög nr. 107/2001, Þjóðminjalög.
5. Lög nr. 44/1999 um náttúruvernd.
6. Lög nr. 64/1994 um vernd friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.
7. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
8. Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 2. Fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands. Reykjavík.
9. Náttúruverndarráð 1996. Náttúruminjaskrá 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. Reykjavík.
10. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.
11. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
12. Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.
13. Skipulagslög nr. 123/2010.
14. Skipulagsstofnun 2005. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.
15. Skipulagsstofnun 2007. Leiðbeiningar um umhverfismat áætlana
16. Skipulagsstofnun 2011. Snjóflóðavarnir við Klif á Patreksfirði. Ákvörðun um matsskyldu.
17. Verkís 2011. Snjóflóðavarnir við Klif á Patreksfirði. Fyrirspurn um matsskyldu.